

Fundargerð skólanefndar
Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

10. fundur

var haldinn í húsi Fjölbrautaskólans, miðvikudaginn
23. mars 1977 og hófst kl. 20³⁰.

Mætt voru auk skólameistara og yfirkennara, Gunnar
Sveinsson, Jón Hólmgeirsson, Guðjón Kristjánsson,
Eggert Ólafsson, Guðrún Sigurðardóttir, Ingvar Jóhannsson
Hreinn Ásgrímsson og Sigrún Þorsteinsdóttir,
fulltrúi kennara Fjölbrautaskólans.

- I. Tilkynningar: a) Skólameistari upplýsti að þann 21.
mars hefði komið sendinefnd frá Borgarnesi til þess að
kynna sér starfsemi og fyrirkomulag skólans.
- b) Verknámsstofa er að verða tilbúin. Rennibekkir
eru komnir og megin hluti annars tækjabúnaðar.
Hins vegar vantar loftræstikerfi og fræsara enn þá.
- c) Skólameistari kvað vera búið að ganga frá
fjárhagslegu uppgjöri við Keflavíkurbæ. Skólinn
greiðir bæjarsjóði helming húsaleigu fyrir
Gagnfræðaskólann (þ.e. hlut Keflavíkur í hinu leigða
húsnæði í Gagnfræðaskólanum).
Eru fjármál skólans fyrir árið 1976 því komin á hreint.
- d) Menntamálaráðuneytið hefur staðfest, að skólinn
starfi eftir sömu reglugerð og Flensborgarskóli
í Hafnarfirði. Kemur þetta fram í bréfi ráðuneytisins
frá 3. mars s.l..
- e) Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt beiðni
skólameistara Fjölbrautaskólans í Breiðholti,
Flensborgarskóla og Fjölbrautaskóla Suðurnesja um
tölvuvæðingu áfangakerfis þessara skóla. Reiknistofnun
Háskólans mun annast kerfissetningu og tölvuvinnslu.
- f) Með aðstoð ríkisspítalanna hefur skólinn komið sér
upp tækjum og búnaði til kennslu á hjúkrunarbraut.

g) Yfirkennari gat þess, að skólinn hefði fengið aðstöðu til steypuprófana í rannsóknarstofu Steypustöðvar Suðurnesja, fyrir nemendur í byggingargreinum.

- II. Skólanefnd hefur borist bréf frá Vélstjórafélagi Suðurnesja, dagsett 14.03.1977. Fer félagið fram á leyfi skólanefndar til að veita nemanda eða nemendum sem bestum námsárangri ná í vélfræðigreinum viðurkenningu í samráði við forráðamenn skólans.

Samþykkti nefndin að taka þessu ágæta boði með þökkum.

- III. Námskrángerð: Á s.l. ári voru veittar kr. 20. milljónir til námskrángerðar iðnfræðslu. Í bréfi menntamálaráðuneytisins frá 23.12.76 kemur fram að iðnfræðsluráð skuli taka fullt tillit til fjölbrautaskóla og iðnnáms í þeim við samningu námsskrárinnar.

- IV. Skólanum hefur borist bréf frá framkvæmdastjóra loftferðaeftirlitsins, dags. 25.02.77. Í bréfinu kemur fram jákvæð afstaða til þess að innleiða nám flugliða í íslenska skólakerfið (en nám þetta hefur til þessa eingöngu verið í formi námskeiða í höndum einkaaðila heima og erlendis) í samráði við flugmálastjórn og loftferðaeftirlitið. Fylgja því ýmsir kostir að mati framkvæmdastjórans, Grétars H. Óskarssonar. Í bréfinu lýsir framkvæmdastjórinn loftferðaeftirlitið reiðubúið til aðstoðar við námsskrángerð. Samþykkti skólanefnd að kjósa nefnd til að ræða við þá aðila er málið varða og reyna að hrinda málinu í framkvæmd með stofnun nýrrar brautar, er spannkýfir umrætt nám. Skuli að því stefnt að stofna þessa braut fyrir næsta skólaár. Í nefndina voru valdir: skólameistari, Ingvar Jóhannsson og Sigurður Erlendsson.

- V. Reikningar F.S. 1976 lagðir fram, endurskoðaðir af Herði Ragnarssyni. Var samþykkt að afgreiða þá á næsta fundi.
- VI. Þann 28. febrúar s.l. var haldinn í F.S. fundur um þjálfun og menntun starfsfólks í sjávarútvegsgreinum. Var fundurinn haldinn að frumkvæði nefndar, er starfar á vegum menntamálaráðuneytis og Fiskifélags Íslands. Fundinn sátu: Már Elísson, fiskimálastjóri, Gunnar Sveinsson, Margeir Jónsson, Ólafur Björnsson, Jón Böðvarsson, Gunnar Magnússon, Björgvin Gunnarsson, Ingólfur Halldórsson og Hákon Torfason. Var margtrætt á fundinum, en ekki voru neinar ákvarðanir teknar eða samþykktir gerðar en Ingólfur Halldórsson og Eggert Ólafsson eru framkvæmdaaðilar í málinu af hálfu F.S.
- VII. Húsnæðismál: Lagðar voru fram frumtillögur arkitektanna Harðar Björnssonar og Hreggviðs Stefánssonar um nýbyggingu F.S., þ.e. hæð ofan á núverandi húsnæði og nýja þriggja hæða álmu sem viðbyggingu til vesturs, er tengist nýja íþróttahúsinu, sem hafin er bygging á. Voru tillögur þessar ræddar, svo og aðrir möguleikar á lausn húsnæðismálanna. Þá samþykkti skólanefnd að skora á bæjaryfirvöld Keflavíkur að taka ákvörðun í makaskiptamálinu (sbr. 7. fundargerð, 4. lið) áður en skila þarf til ráðuneytis áætlun um starfsemi skólans vegna fjárlaga 1978, en þá áætlun þarf að senda fyrir 15. apríl. Fulltrúar annarra sveitarfélaga en Keflavíkur lýstu fylgi sínu við makaskiptabugmyndina.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Hreinn Ásgreimsson
fundarritari.

Fylgiskjal með fundargerð er
" Reglur um inntöku í framhaldsskóla".

REGLUR UM INNTÖKU Í FRAMHALDSSKÓLA.

Ráðuneytið hefur ákveðið eftirfarandi um inntöku nemenda í framhaldsskóla:

- I. Nemandi sem lýkur námi í grunnskóla hefur rétt til að hefja nám í framhaldsskóla ef hann hefur hlotið A, B eða C í samræmdum greinum og einkunnina 4 eða hærra í skólaprófsgreinum.
Eftirfarandi frávik eru þó heimil:
 - a) D í tveimur samræmdum greinum en engin skólaeinkunn undir 4.
 - b) D í einni samræmdri grein og ein skólaeinkunn undir 4.
 - c) Engin samræmd einkunn lægri en C en tvær skólaeinkunnir undir 4.
- II. Nemandi sem lokið hefur gagnfræðaprófi hefur rétt til að hefja nám í framhaldsskóla ef hann hefur hlotið einkunnina 4 eða hærra bæði í samræmdum greinum og skólaprófsgreinum.
Eftirfarandi frávik eru þó heimil:
 - a) Einkunnin 3 í tveimur samr. gr. en engin skólaeinkunn lægri en 4.
 - b) Einkunnin 3 í einni samr. gr. og ein skólaeinkunn lægri en 4.
 - c) Engin einkunn í samr. gr. lægri en 4 en tvær skólaeinkunnir lægri en 4.

Nemandi sem ekki fullnægir framangreindum skilyrðum getur þó hafið nám í framhaldsskóla þegar að loknum grunnskóla ef viðkomandi skóli samþykkir.

Í framangreindum reglum felst að reynt verður, eftir því sem tæk eru á, að verða við óskum nemenda um framhaldsnám. Þó er eigi unnt að tryggja að allir nemendur skomist í það nám eða skóla er þeir æskja.

Ofanritaðar reglur gilda um inntöku til náms í framhaldsskóla skólaárið 1977-1978.